Skóli Ísaks Jónssonar

# INNRAMAT Í SKÓLANUM

## Skýrsla fyrir skólaárið 2014-2015

15

# Efnisyfirlit

1. Inngangur .... 2
2. Markmið og tilgangur matsins .... 2
3. Aðferðir og framkvæmd matsins .... 2
4. Niðurstöður könnunarinnar .... 3
5. Samantekt og ábendingar .... 30
6. Umbótaáætlun .... 30

# Kynning á innra mati skólans 2014-2015

## 1. Inngangur

Í innramatsteymi skólans eru: Sigríður Ágústa Skúladóttir kennari og teymisstjóri, Þóra Elísabet Kjeld kennari og verkefnastjóri og Lára Jóhannesdóttir skrifstofustjóri.

Í umbótaáætlun skólans var ákveðið að gera könnun hjá foreldrum um viðhorf þeirra til skólans. Með því fá foreldrar tækifæri til þess að tjá sig um skólastarfið, það sem vel er gert og það sem þeir telja að betur megi fara. Þannig er hægt að gera gott skólastarf enn betra.

## 2. Markmið og tilgangur matsins

Í nýrri aðalnámskrá, almennum hluta, bls. 71 segir m.a. „ Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og upplýsingum beggja aðila, sameiginlegum ákvörðunum og samábyrgð.“ Þess vegna teljum við í innramatsteyminu **aðalmarkmiðið** með þessari könnun, að foreldrar/forráðamenn geti komið á framfæri skoðunum sínum um skólastarfið. Þannig getum við vonandi bætt þjónustuna við foreldra/forráðamenn og nemendur.

**Markmiðið** með þessari könnun var í raun fjölþætt. Í henni er m.a. verið að kanna hvort foreldrar/forráðamenn séu sáttir við skólastarfið í Ísaksskóla. Þá er verið að skoða hversu góð samskipti foreldrar/forráðamenn eiga við kennara og aðra starfsmenn skólans. Líðan barnsins í skólanum og hvort barnið fái þá þjónustu frá skólanum sem foreldrar/forráðamenn telji æskilega. Einnig hvort upplýsingaflæði frá skólanum sé hæfilegt.

## 3. Aðferðir og framkvæmd matsins

Könnun þessi var gerð í febrúar 2015. Upplýsingum var safnað frá foreldrum/forráðamönnum nemenda skólans. Rannsóknin var megindleg þar sem lagðar voru fyrir foreldra 35 spurningar. Við hverja spurningu voru gefnir upp ólíkir möguleikar sem foreldrar/forráðamenn gátu hakað við en einnig voru nokkrar opnar spurningar þar sem foreldrum/forráðamönnum gafst tækifæri til að setja fram skoðanir sínar með orðum. Fyllsta trúnaði var heitið við foreldra/forráðamenn.

## 4. Niðurstöður könnunarinnar

Könnunin kom einstaklega vel út og foreldrar/forráðamenn eru ánægðir og sáttir við skólastarfið. Þó settu nokkrir foreldrar/forráðamenn fram vinsamlegar ábendingar sem starfsmenn skólans munu skoða gaumgæfilega og taka tillit til í umbótaáætlun skólans og bregðast við eftir bestu getu. Í kaflanum um samantekt og ábendingar má sjá það helsta sem fram kom hjá foreldrum við spurningu 35.  Hér að neðan má sjá niðurstöður könnunarinnar:

Könnun þessi var framkvæmd 17. – 27. febrúar 2015

Er barnið þitt drengur eða stúlka?

Fjöldi svara =169






Hvað lýsir best tengslum þínum við nemanda í skólanum?

Fjöldi svara =169






Á heildina litið, hversu ánægð/ur eða óánægður ertu með skólann?

Fjöldi svara =169






Það er metnaður við skólann til þess að gera vel

Fjöldi svara =159






Samskipti mín við kennara skólans eru góð

Fjöldi svara =159






Samskipti mín við aðra starfsmenn skólans eru góð

Fjöldi svara =159






Stjórnun skólans er góð

Fjöldi svara =157






Þjónusta á skrifstofu skólans er góð

Fjöldi svara =157






Skólinn kemur til móts við þarfir barnsins míns

Fjöldi svara =158






Kennarar skólans leggja sig fram við að kennslan sé góð

Fjöldi svara =157






Árangur barnsins míns er í samræmi við námsgetu þess

Fjöldi svara =138






Samskipti mín við umsjónarkennarann hafa verið góð

Fjöldi svara =160






Samskipti kennara við barnið mitt eru góð

Fjöldi svara =159






Samskipti annarra starfsmanna (en kennara) við barnið mitt eru góð

Fjöldi svara =159






Barninu mínu líður vel í skólanum

Fjöldi svara =159






Skólinn veitir nægilegar upplýsingar varðandi barnið og námsárangur þess

Fjöldi svara =159






Ef þú ert í mataráskrift hjá skólanum er barnið þitt ánægt  með matinn?

Fjöldi svara =150






Ég var ánægð/ur með síðasta foreldraviðtal

Fjöldi svara =156






Aðstaðan í skólanum er góð

Fjöldi svara =158






Fær barnið þitt stuðning eða sérkennslu í skólanum?

Fjöldi svara =157






Barnið þitt fær stuðning eða sérkennslu. Hversu sammála eða ósammál ertu eftirfarandi staðhæfingu: Ég er ánægð/ur með stuðninginn/sérkennsluna sem barnið mitt fær í skólanum. – 30 svör






Er barnið þitt í gæslu?

Fjöldi svara =157






Ég er ánægð/ur með gæsluna í skólanum. - 144 svör






Barninu mínu líður vel í frímínútum

Fjöldi svara =153






Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir mæla með Skóla Ísaks Jónssonar við aðra?

Fjöldi svara =153






Upplýsingastreymi frá skólanum er nægjanlegt

Fjöldi svara =153







35. Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

Fjöldi svara =147 (Sjá samantekt og ábendingar).

# 5. Samantekt og ábendingar

Margar góðar ábendingar bárust frá foreldrum eins og áður hefur komið fram. Í þessum kafla setjum við fram það helsta sem kom fram í svörum við spurningu 35. Við munum svo fara ýtarlega yfir þær á næstu vikum. Kynning hefur farið fram í skólanum á könnuninni bæði fyrir kennara og aðra starfsmenn skólans.

Helstu ábendingarnar sem komu frá foreldrum voru:

- Að skólalóðin verði löguð og þar verði í boði meiri fjölbreytni. Þessi ábending kom oft fram.
- Fá heimanámsstuðning í gæsluna eftir skóla.
- Fá ítarlegar upplýsingar beint frá sérkennurum um þann stuðning sem barnið fær í náminu.
- Of lítill tími fyrir nestið.
- Leggja niður útiraðir þannig að börnin fari strax inn í skólann og bíði við stofuna sína.
- Endurnýja skólahúsgögn hjá yngstu nemendunum.
- Að skólinn bjóði upp á aðstoð við heimanám barnsins.
- Of mikið heimanám.
- Að nemendur fái að hita upp mat sem þau koma með að heiman.
- Það vantar meira eftirlit með því að börnin klæði sig vel út í frímínútur og í viðveru eftir skóla.
- Aðstaða barna í eldri byggingu skólans til að geyma föt er ábótavant.
- Söngur í sal mætti byrja fyrr á föstudögum.
- Bæta þurfi þrifnað og snyrtilegheit á klósettum.
- Bæta þurfi upplýsingaflæði til foreldra í sambandi við nám barnsins.
- Leggja meiri áherslu á einstaklingsmiðað nám.
- Fá frekari upplýsingar um það hvernig gæslan er skipulögð.
- Margir hrósuðu öllum starfsmönnum skólans og foreldrar/forráðamenn eru mjög ánægðir með skólann, skólastarfið, stjórnunina og rekstur skólans.

# 6. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun skólans er að finna á heimasíðu skólans undir liðnum: **<u>Áætlanir</u>.**

Fyrir hönd Innra mats teymis,
Sigríður Ágústa Skúladóttir.